




### Innlána safnið – fyrir þá sem vilja ekki taka markaðsáhættu




Lítill áhætta




### Varfærna safnið – fyrir þá sem vilja taka minni markaðsáhættu




Hófleg áhætta



### Áræðna safnið – fyrir þá sem vilja taka meiri markaðsáhættu



Meiri áhætta



Tölur miðast við 30.6.2024

Ávöxtun í fortíð gefur ekki vísibendingu um samsvarandi ávöxtun í framtíð

### Orðsending fjárfestingaráðs:

Eftir sterkan fyrsta ársfjórðung, sem mikil bjartsýni einkenndi, dró aðeins úr ávöxtun á öðrum fjórðungi. Skýrist það einkum af væntingum til vaxtalækkanna bæði hérlendis sem og erlendis. Í upphafi árs voru forsendur fyrir því að við myndum sjá myndarlega vaxtalækkun á árinu en þrálát verðbólga hefur seinkað þeirri ákvörðun og þar með dregið úr eftirspurn á áhættusamari eignum eins og hlutabréfum.

Almennt voru eignamarkaðir hagstæðir á öðrum ársfjórðungi og ávöxtun helstu eignarflokka viðunandi, sér í lagi erlendra hlutabréfa. Innlend hlutabréf byrjuðu árið vel en tóku svo að lækka og lækkuðu áfram á öðrum ársfjórðungi, skýrist

það m.a. af því að almennt hefur lítill áhugi verið á innlendum hlutabréfum á fjórðungnum. Háir vextir hafa freistað fjárfesta sem hafa sótt í innlán, áhættuminni fjárfestingar eins og skuldabréf og/eða aðra fjárfestingar, en mikið hefur verið um ný fjárfestingarverkefni á árinu sem hafa dregið til sín fjármagn sem annars mætti ætla að færu inn á hlutabréfamarkaðinn. Þrátt fyrir þessar sveiflur á mörkuðum hefur ávöxtun séreignasafna verið með ágætum það sem af er ári. Horfur á eignamörkuðum á næstunni munu sem fyrr ráðast af þróun efnahagssumsvifa bæði hérlendis sem og erlendis þar sem stýrivextir og verðbólgutölur munu vera í brennidepli.